

Ársskýrsla FÍLD starfsárið 2018-2019

Stjórn FÍLD skipa:

Formaður: Irma Gunnarsdóttir
 Gjaldkeri: Guðmundur Helgason
 Ritari: Hildur Ólafsdóttir
 Meðstjórnandi: Bryndís Einarsdóttir
 Meðstjórnandi: Anna K. Norðdahl
 Varamaður: Valgerður Rúnarsdóttir
 Varamaður: Guðrún Selma Sigurjónsdóttir

FÍLD á fulltrúa í eftirtöldum stofnunum/bandalögum:

Bandalag Íslenskra Listamanna: Irma Gunnarsdóttir.
 Íslenski Dansflokkurinn: Anna Norðdahl. Varamaður: Guðmundur Helgason.
 Sviðslistasamband Íslands: Anna Norðdahl. Varamaður: Irma Gunnarsdóttir.
 Leikminjasafn Íslands: Sesselja G. Magnúsdóttir. Varamaður í stjórn.
 Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík: Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Anna Norðdahl.
 Gríman - Íslensku Leiklistarverðlaunin: Einn fulltrúi í Grímunefnd.

Aðalfundur FÍLD var haldinn 7. janúar 2018. Fráfarandi stjórnarmeðlimir voru Kara Hergilsdóttir gjaldkeri, Heba Eir Kield meðstjórnandi og Guðmundur Helgason varamaður. Núverandi stjórn þakkar þeim innilega fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins.

Stjórn FÍLD fundaði að jafnaði með eins mánaðar millibili á árinu. Utan þess var fjallað um mál sem hæst báru hverju sinni í gegnum tölvupóst, síma og facebooksíðu stjórnar. Stjórn hefur unnið vel saman og skipt með sér verkum við skipulagningu viðburða og verkefna.

Kjarasamningar fyrir dansara í sjónmáli ? Samstarf FÍL og FÍLD

Eftir aðalfund 2018 tók kjaranefnd FÍLD til starfa en FÍLD vinnur nú að því að bæta kjör starfandi dansara við leikhúsin í samstarfi við FÍL. FÍL er stéttarfélag sviðslistafólks í landinu og er sviðslistafólk í FÍL með stéttarfélagsaðild að BHM. FÍLD var eins og flestum er kunnugt, komið með aðild að BHM en samningsréttur dansara við ríki og borg er og hefur verið bundinn við FÍL. Lagalega er ekki hægt að breyta FÍLD í stéttarfélag þannig að til að gera langa sögu stutta var ákveðið á síðasta aðalfundi að FÍLD segði sig úr BHM en tæki samhliða úrsögninni upp samstarf við FÍL. Til að virkja samningsstöðu dansara voru starfandi atvinnudansarar í FÍLD hvattir til að ganga í FÍL og gera sig gildandi þar. Í kjölfarið jókst fjöldi dansara í FÍL um 100% og upphófst undirbúningsferli er miðar

að því að dansarar fái lögbundna kjarasamninga líkt og annað sviðslistafólk. Formaður FÍLD ásamt kjaranefnd FÍLD funduðu með Birnu Hafstein formanni FÍL síðastliðið vor og kjaranefnd FÍLD lagðist í rannsóknarvinnu á kjörum dansara við leikhúsin síðastliðin ár. Rannsóknin staðfestir með óbyggjandi hætti að kjör dansara við leikhúsin eru mun verri en kjör annarra sviðslistastétta og verða gögnin notuð í komandi kjarabaráttu. Birna formaður FÍL hefur tekið upp viðræður við leikhúsin tvö um málið og nú er verið að vinna í kjaramálum dansara á vettvangi FÍL. Vonir standa til um að kjarasamningar dansara verði að veruleika í næstu samningalotu FÍL við ríki og borg (leikhúsin) en sú lota fer fram nú með vorinu.

Árleg hátíðarsýning FÍLD við opnun Barnamenningarhátíðar

Félag íslenskra listdansara stóð fyrir hátíðarsýningu í samstarfi við Barnamenningarhátíð þann 17. apríl og var sýningin, líkt og undanfarin ár, liður í opunardegi hátíðarinnar. Listdansskólum innan FÍLD var boðin þátttaka í sýningunni og var þátttaka skólanna mjög góð, um 250 nemendur tóku þátt í sýningunni í ár. Um metnaðarfulla og fjölbreytta sýningu var að ræða sem skipulögð var af stjórn FÍLD. Stjórnendur Barnamenningarhátíðar voru mjög ánægðir með dansviðburðinn í ár sem og undanfarin ár og hafa forsvarsmenn Barnamenningarhátíðar óskað eftir áframhaldandi samstarfi við FÍLD vegna komandi hátíðar. FÍLD endurtekur því leikinn, blásið verður til dansveislu á opunardegi Barnamenningarhátíðar, þann **9. apríl** næstkomandi. Stjórnendur listdansskóla eru beðnir um að tilkynna þátttöku skóla á netfangið formadur@dance.is fyrir **10. mars** næstkomandi.

Nýstúdent af listdansbraut MH fékk viðurkenningu frá FÍLD fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum

Á vordögum fór fram útskrift frá MH. Á undanförunum árum hafa dansnemar listdansskólanna útskrifast þaðan með stúdentspróf af listdansbraut. Fjöldmörg fagfélög veita nýstúdentum bókarverðlaun og viðurkenningar fyri námsárangur á stúdentsprófi og hefur FÍLD nú veitt slík verðlaun í tvígang, við útskriftir á árunum 2017 og 2018. Það var Íris Ásmundsdóttir nýstúdent af listdansbraut MH sem hlaut viðurkenningu FÍLD síðastliðið vor. Fékk hún ævisögu Helga Tómassonar að gjöf fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum og heillaóskir frá félaginu.

FÍLD á vettvangi BÍL

Formaður FÍLD sækir mánaðarlega stjórnarfundum BÍL og er þar talsmaður listdansmála. Erling Jóhannesson tók við sem nýr forseti BÍL á aðalfundi samtakana þann 17. febrúar 2018. BÍL starfar skv. starfsáætlun stjórnar þar sem áhersla er á samtal og samráð um málefni listamanna og listgreina við aðila sem stýra málaflokknum hjá ríki og borg. Haldinn var **samráðsfundur með borgarstjóra** og fulltrúum borgarinnar þann 10. október síðastliðin en þar voru málefni listdansskólanna m.a. rædd. FÍLD hefur unnið að því hörðum höndum undanfarin ár að vekja athygli ráðamanna á stöðu listdansskólanna. Á fundi með

borgarstjóra var mikið talað um listnám og ráðamenn töluðu um að jafna þyrfti aðgengi nemenda að hverskyns listnámi og stuðla að jafnrétti nemenda til listnáms. Undirrituð benti á stöðu listdansnámsins í stjórnsýslunni og það hróplega misræmi sem blasir við í styrkveitingum frá ríki og borg er kemur að styrkjum með listnámi. Borgarstjóri ásamt öllum ráðamönnum borgarinnar sýndu stöðu listdansnámsins mikinn skilning sem og forsvarsmenn aðildarfélaga BÍL. Allir voru sammála um að rétta þurfi hlut listdansnáms í stjórnsýslunni. Það var auðfinnanlegur samstarfsvilji hjá forsvarsmönnum borgarinnar og er gott að taka þann meðbyr með sér inn í nýtt starfsár. Hvernig aðkoma borgarinnar og sveitarfélaga verður er kemur að styrkveitingum með listdansnámi í náinni framtíð er ennþá óljóst. FÍLD mun halda áfram að beita sér í málinu með stuðningi frá BÍL. Boltinn liggur hjá menntamálaráðuneytinu. Ítrekað hefur verið kallað eftir reglugerð utan um listdansnám skv. aðanámsskrá. Regluramma vantar utan um viðurkennda listdanskóla, rekstrarstyrki og kostnaðarskiptingu á milli ríkis- og sveitarfélaga vegna námsins.

Þann 24.nóvember stóð BÍL fyrir “Listaþingi” í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið en um var að ræða málþing þar sem kjör listamanna voru rædd á breiðum grundvelli. Fjallað var um launasjóði listamanna og verkefnasjóði, gildi og verðmætasköpun listanna og hvaða leiðir listamenn sjá til framþróunar á kjörum og starfsumhverfi listamanna. Niðurstaða málþingsins verður notuð í áframhaldandi stefnumótunarvinnu á vegum BÍL og ráðuneytisins. Í lok málþings var skálað fyrir 90 ára starfsafmæli BÍL.

Sameiginleg kynningarmiðstöð listgreina

Eitt af málefnum sem fjallað hefur verið um á vettvangi BÍL eru hugmyndir mennta- og menningarmálaráðuneytisins um sameiginlega kynningarmiðstöð listgreina. Starfshópur á vegum ráðuneytisins hefur unnið að grunnhugmynd um slíka kynningarmiðstöð en verkefnið er stutt á veg komið. BÍL sendi ráðuneytinu umsögn um grunnhugmyndina þann 4.janúar þar sem hvatt er til að farið verði í dýpri og meiri rannsóknarvinnu á efninu t.d. með því að líta betur til nágrannalanda að fyrirmyndum.

FÍLD á vettvangi SSÍ

Nokkrir fundir voru haldnir á árinu hjá Sviðslistarsambandi Íslands og skiptust Anna Norðdahl og Irma Gunnarsdóttir á að mæta á fundina f.h. FÍLD. Skipað var í Grímunefnd á vordögum fyrir yfirstandandi leikár auk þess sem SSÍ fundaði um framkvæmd Grímunnar og regluverk hennar. Gríman sjálf fór svo fram í byrjun júní og var uppskera danslistarinnar ríkuleg í ár.

SSÍ stóð fyrir opnum fundi þann 12.nóvember þar sem **drög að frumvarpi til laga um sviðslistir** var kynnt. Niðurstaða fundarins var sú að drögin að frumvarpinu væru meingölluð og illa unnin af ráðuneytinu en lítið sem ekkert samráð var haft við sviðslistageirann við gerð frumvarpsdraganna. Sendi SSÍ frá sér ályktun fundarins þar sem drögunum var alfarið hafnað. Í kjölfarið hefur

ráðuneytið tekið upp samstarf og samráð við fagaðila innan SSÍ. Sviðslistafélög hafa sent inn athugasemdir á samráðsgátt stjórnvalda og er frumvarpið nú í vinnslu. FÍLD í samstarfi við Íslenska dansflokkinn sendi inn á samradsgatt.is athugasemdir og breytingatillögur við kafla í frumvarpsdrögunum sem snýr að starfsemi Íslenska dansflokksins. FÍLD ásamt Íd fagna því að starfsemi Íd verði nú loks bundin í lög, það er löngu tímabært en gerðar voru nokkrar athugasemdir við lagakaflann sem snýr að Íd. Hægt er að kynna sér frumvarpsdrögin og athugasemdir inn á síðunni samráðsgátt.is

SOLO undankeppni Stora Daldansen

Árlega stendur FÍLD fyrir undankeppni Stora Daldansen og fór keppnin fram þann 14. október, í húsakynnum Klassíska listdansskólans að Grensásvegi 14. Undankeppnin sem ber yfirskriftina SOLO, er mikil lyftistöng fyrir klassíska listdansinn hérlendis, þar fá íslenskir listdansnemar að spreyta sig á krefjandi sólóhlutverkum klassískra ballettverka. Úrslit keppinnar urðu þau að þrír fulltrúar voru valdir til að fara fyrir Íslands hönd í keppnina í Svíþjóð í mars næstkomandi en það eru þau **Ásdís Arnardóttir frá Klassíska Listdansskólanum og Benedikt Gylfason og Dagný Björk Harðardóttir frá Listdansskóla Íslands**. FÍLD óskar þeim til hamingju og góðs gengis í Svíþjóð.

Starfsumhverfi listdansskólanna – fundur með menntamálaráðherra

Eitt af mikilvægum málum FÍLD er að hlúa að listdansmenntun og rekstrarumhverfi hennar. Á stjórnarfundum á árinu hafa skólamálin verið tíðrædd og mikil og markviss vinna unnin til að þoka málum listdansskólanna áfram í stjórnsýslunni. Samningar v. framhaldsskólastígs í listdansi voru lausir frá 1. júlí næstkomandi og viðurkenningar til listdansskóla eru runnar úr gildi. Formaður hefur sent fjölda bréfa til mennta- og menningarmálaráðuneytisins á árinu. Vakin er athygli á slæmri fjárhagsstöðu listdansskólanna og bent á algjört stefnuleysi stjórnvalda er kemur að listdanskennslu skv. aðalnámsskrá. Námsskráin er bundin í lög en engin lög eru til um hvernig framfylgja skuli námsskránni. Þrýstingur frá FÍLD hefur skilað árangri að því marki að nú er hreyfing á málum í menntamálaráðuneytinu. Eftir langa bið og ítrekaðar fundarbeiðnir við ráðherra kom að því að FÍLD ásamt skólastjórnendum listdansskólanna fengu boð um fund með ráðherra. Fundurinn fór fram miðvikudaginn 9. janúar síðastliðinn og var um góðan fund að ræða. Formaður FÍLD leiddi umræðu fundarins f.h. skólastjórnenda en FÍLD í samstarfi við skólastjórnendur undirbjuggu fundinn vel. Ráðherra ásamt sérfræðingum ráðuneytisins fengu ítarlegan kynningarpakka sendan fyrir fundinn þar sem stikklað var yfir mikilvægustu áherslur málsins frá sjónarhorni skólastjórnenda. Umræður á fundinum fóru vel fram. Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hét fundinum því að ráðuneytið myndi í kjölfar fundar taka málið föstum tókum. Ákveðið var að framlengja samningum vegna náms á framhaldsskólastigi í núverandi mynd meðan unnið yrði að stefnumörkun hjá ráðuneytinu. Ráðherra var jákvæð og áhugasöm um stöðuna. Hún lofaði að unnið yrði að heilindum í skólamálu listdansins í ráðuneytinu á næstunni.

DANSLIST – danslistarmót á landsvísu

Á vordögum viðraði formaður FÍLD þá hugmynd við stjórn að endurvekja danslistarmótið DANSLIST en í nýrri og þróaðri mynd en áður var. Um þróunarverkefni er að ræða sem byggir á gömlum grunni þ.e. móti sem haldið var að frumkvæði fjöllistamannsins Arnars Inga Gíslasonar í samstarfi við FÍLD á árunum 1994 - 1998. Örn Ingi Gíslason lést síðla árs 2017 en við andlát hans spruttu fram minningar hjá formanni um störf hans í þágu danslistar. DANSLIST – danslistarmótið var á sínum tíma mikil lyftistöng fyrir danssamfélagið. Hugmyndin er að byggja upp myndarlegt dansmót á landsvísu fyrir nemendur listdansskóla þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dansdagsskrá með danstímum, danssýningum o.fl. til að efla danssamfélagið og sýnileika danslistar í landinu. Formaður auglýsti eftir áhugasömu fólki til samstarfs vegna verkefnisins og er skemmst frá því að segja að þær Ingunn Elísabet Hreinsdóttir og Aude Busson hafa lýst yfir áhuga á að koma að þróunarvinnu verkefnis í samstarfi við stjórn FÍLD. Vinna er nú þegar hafin í formi rannsóknarvinnu, verið er að kanna möguleika á að halda fyrsta danslistarmótið á Akureyri vorið 2020. Ef fyrsta mót heppnast vel gæti farið svo að danslistarmót yrði í framhaldi annaðhvert ár, á mismunandi stöðum um landið.

DANSVERKSTÆÐIÐ, Hjarðarhaga 47

Þær gleðifréttir urðu á árinu að Dansverkstæðið flutti í nýtt húsnæði að Hjarðarhaga 47. Húsnæðið hefur verið endurnýjað og innréttað að innan með þarfir danslistarinnar að leiðarljósi og er starfsemi Dansverkstæðisins að komast á fullt skrið eftir framkvæmdir. Starfsemi Dansverkstæðisins er fjölþætt og gegnir það veigamiklu hlutverki fyrir danslistina í landinu sem og í alþjóða samhengi. Fyrir tilstuðlan samninga við Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneyti er starfsemi Dansverkstæðisins tryggð til næstu 15 ára. FÍLD flytur aðsetur sitt í Dansverkstæðið nú í upphafi árs.

Ný heimasíða FÍLD opnar fljótlega

Síðastliðið haust fékk stjórn FÍLD Ólöfu Ingólfssdóttur til að hanna nýja heimasíðu fyrir FÍLD og er nýja heimasíðan nánast tilbúin. Núverandi heimasíða byggir á úreltum tæknigrunni og var því nauðsynlegt að ráðast í gerð á nýjum vef. Við opnun á nýja vefnum verður tekið upp nýtt lén samhliða núverandi léni. Það er gert til að auðvelda fólki að finna heimsíðu samtakanna. Nýtt lén verður felagislenskralistdansara.com en gamla lénið dance.is mun einnig lifa enn um sinn og beintengjast því nýja. Heimasíðan verður kynnt fyrir félagsmönnum á aðalfundinum. Félagsmenn eru hvattir til að senda Ólöfu Ingólfssdóttur nýlega mynd af sér fyrir félagatalið á heimasíðunni, sendist á netfangið olof.ingolfsdottir@gmail.com .

Eins og sjá má á ofangreindu eru málefni FÍLD fölbreytt og í mörg horn að líta. Þess má geta að öll vinna stjórnarmeðlima er í sjálfboðavinnu og því ótrúlegt hvað mikið hefur áunnist á árinu.

Dags. 19.01 2019,

f.h. stjórnar,
Irma Gunnarsdóttir,
Formaður FÍLD.